

REGLUGERÐ

fyrir Gagnfræðaskólann í Neskaupstað, Norðfirði.

11

6. febr.

I. KAFLI

Nafn skólans.

1. gr.

Nafn skólans er Gagnfræðaskólinn í Neskaupstað.

II. KAFLI

Markmið skólans, skipulag og kennsla.

2. gr.

Markmið skólans er að veita nemendum hagnýta fræðslu, er komi þeim að gagni síðar í lífinu og geti verið undirbúningur undir nám í sérskólum eða æðri skólum.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pílta og stúlkur. Ársdeildir eru tvær, en auk þess má skólinn, ef nægileg þátttaka fæst, hafa þriðju ársdeildina með leyfi kennslumálastjórnar.

4. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: íslenzku, dönsku, ensku, stærðfræði, sögu, félagsfræði, landafræði, náttúrufræði, eðlisfræði, bókfærslu, teiknun og leikfimi. Auk þess má kenna í 3. bekk þýzku eða esperanto þeim nemendum, er þess æskja. Eftir því, sem við verður komið, skal og fara fram kennsla í hagnýtum vinnubrögðum, t. d. smíðum og vélritun.

5. gr.

Að jafnaði skulu nemendur taka þátt í öllum námsgreinum í bekk sínum. Þó getur skólastjóri veitt nemendum undanþágu frá einstökum námsgreinum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

III. KAFLI

Um inntöku í skólann.

6. gr.

Umsóknir um inntöku í skólann sendist til skólastjóra fyrir 1. sept. ár hvert.

11

6. febr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk skólans eru þessi: 1) að hafa lokið fullnaðarprófi úr barnaskóla, 2) að vera fullra 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á. 3) að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi. — Ef fleiri sækja um inntöku í fyrsta bekk en húsrúm leyfir, ræður prófeinkunn við fullnaðarpróf úr barnaskóla, hverjir skulu hljóta skólavist.

Ef nemendur sækja um inntöku í 2. eða 3. bekk skólans, verða þeir að sanna með prófi, að þeir hafi öðlazzt þá þekkingu, að þeir hafi not af kennslu í þeim bekk, er þeir vilja komast í. Próf frá öðrum gagnfræðaskólum landsins gilda sem próf skólans. Nemendur með fullnaðarpróf frá héraðsskólum landsins fá próflaust setu í 2. bekk skólans.

IV. KAFLI**Próf.****8. gr.**

Eftir nám í 1. bekk skal ljúka ársprófi, eftir nám í 2. bekk gagnfræðaprófi, eftir nám í 3. bekk gagnfræðaprófi hinu meira. Í erlendum tungumálum og stærðfræði skulu prófin bæði vera skrifleg og munnleg. Í öðrum bóklegum greinum skulu prófin að jafnaði vera skrifleg. Í teiknun og hagnýtum vinnubrögðum skal leggja störf skólaársins fram til dóms á prófi.

9. gr.

Einkunnir við próf skulu vera frá 0 til 10. Einkunnir í einstökum námsgreinum skal reikna með einum aukastaf, en aðaleinkunn með tveimur aukastöfum.

10. gr.

Skyndipróf má halda í öllum námsgreinum allt að fjórum sinnum á skólaárinu. Reikna skal út aðaleinkunnir nemenda á prófum þessum og tilkynna þær nemendum.

V. KAFLI**Kennslutími og leyfi.****11. gr.**

Skólaárið hefst 1. október og endar 14. maí.

12. gr.

Á hverri viku skulu vera 30—36 kennslustundir í hverjum bekk. Í 3. bekk mega þó kennslustundir vera færri, ef sérstaklega stendur á, þó ekki færri en

25 á viku. Hver kennslustund eru 50 mínútur og frítími milli kennslustunda 10 mínútur.

11
6. febr.

13. gr.

Leyfi við skólann skulu vera sem hér segir: 1. desember, jólaleyfi frá 23. des. til 2. jan. að báðum dögum meðtöldum, páskaleyfi frá skirdegi til annars í páskum að báðum dögum meðtöldum, sumardagurinn fyrsti; auk þess skal veita leyfi einn dag í mánuði hverjum. Skólastjóri ákveður, hvenær mánaðarleyfi skulu vera.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 6. febrúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

AUGLÝSING

um lán úr iðnlánasjóði.

12
12. febr.

Með skirskotun til 5. gr. laga nr. 12 9. janúar 1935, um iðnlánasjóð skulu þeir, sem á þessu ári kynnu að ætla sér að sækja um lán úr sjóðnum, senda lánbeiðnir sínar til atvinnumálaráðuneytisins fyrir 1. maí þ. á.

Lánbeiðnum skal fylgja:

- a. Ýtarleg umsögn um það, til hvers lánið á að notast, hvaða vélar og áhöld á að kaupa, kaupverð þeirra, hvar þær eigi að setjast og til hvers þær eigi að notast.
- b. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda fyrir síðastliðin 3 ár.
- c. Brunatryggingarskirteini verkstæðisins.
- d. Yfirlýsing frá viðskiptabanka lánbeiðanda um bankaviðskipti hans og að bankinn geri ekki kröfu til þess, að lánið verði notað til greiðslu eldri lána.
- e. Fasteignamat og veðbókarvottorð þeirra fasteigna, sem lánbeiðandi kann að eiga.
- f. Nafn, aldur, menntun og heimili lánbeiðanda, svo og aðrar upplýsingar, er krafizt kann að verða.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.